

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2008

frá 26. september 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2008 frá 4. júlí 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2008 frá 23. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 að því er varðar tæknilegt snið á sendingum hagskýrsla um erlend hlutdeildarfélög og undanþágur sem veita skal aðildarríkjunum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19x (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„19xa. **32008 R 0364**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2008 frá 23. apríl 2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 716/2007 að því er varðar tæknilegt snið á sendingum hagskýrsla um erlend hlutdeildarfélög og undanþágur sem veita skal aðildarríkjunum (Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 14).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í III. viðauka „UNDANÞÁGUR“:

Aðildarríki	Einingin innlendar hagtolur um erlend hlutdeildarfélög	Einingin erlendar hagtolur um erlend hlutdeildarfélög
Noregur	Undanþága frá sundurliðun eftir starfsemi: NACE endursk. 1.1 þáttur J vegna viðmiðunaráranna 2007–2010	Full undanþága vegna viðmiðunaráranna 2007–2008

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 364/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 112, 24.4.2008, bls. 14.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.